

STJÓRNARTÍÐINDI C 1 — 1980

6. febrúar 1980.

1

Nr. 1.

AUGLÝSING

um viðbótarsamkomulag varðandi fiskveiðar Belga.

Dagana 14. og 21. janúar 1980 var í Brussel skipst á erindum um viðbótarsamkomulag varðandi erindaskipti milli Íslands og Belgiu frá 28. nóvember 1975 um fyrirkomulag varðandi fiskveiðar og verndun lífrænna auðlinda á hafsvæðinu umhverfis Ísland, eins og þeim var breytt með erindaskiptum frá 17. maí 1979, sbr. auglýsingar í Stjórnartíðindum, C-deild, nr. 24/1975 og 5/1979.

Viðbótarsamkomulagið gekk í gildi 21. janúar 1980.

Erindaskiptin eru birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 6. febrúar 1980.

Benedikt Gröndal.

Hörður Helgason.

Fylgiskjal.

a. Erindi sendiherra Íslands til utanríkisráðherra Belgiu.

Brussel, 14. janúar 1980

a. Note from the Ambassador of Iceland to the Minister for Foreign Affairs of Belgium

Brussels, 14 January 1980

Hr. utanríkisráðherra.

Ég leyfi mér að leggja til að ríkisstjórnir vorar komi sér saman um að haga stjórnun og upplýsingum varðandi fiskveiðar belgískra togara á íslensku hafsvæði svo sem hér segir:

1. Í þágu árangursríkrar stjórnunar fiskveiða belgískra skipa á íslensku hafsvæði í samræmi við samninginn frá 28. nóvember 1975 með breytingum áorðnum við erindaskiptin 17. maí 1979, skulu hlutaðeigandi belgísk stjórnvöld í janúar-mánuði árs hvers láta íslenskum stjórnvöldum í té áætlun sem greinir frá því hvernig búist er við að slíkum fiskveiðum verði háttað í mánuði hverjum allt það ár.

2. Belgísk skip skulu er þau sigla brott frá íslenskum fiskimiðum láta landhelgisgæslunni í té upplýsingar um áætlaðan heildarafla eftir tegundum.

3. Tilkynna skal Fiskifélagi Íslands um landaðan afla hvers mánaðar innan mánaðar. Tölur skulu greina frá hverri einstakri löndun eftir tegundum.

Your Excellency,

I have the honour to propose the following arrangement to be agreed upon between our respective Governments regarding the management and information on fishing by Belgian trawlers in Icelandic waters:

1. In the interests of efficient management of fishing by Belgian vessels in Icelandic waters in accordance with the agreement of 28 November 1975 as amended by an exchange of notes of 17 May 1979, the competent Belgian authorities shall in January of each year provide to the Icelandic authorities a schedule setting out on a monthly basis how it is anticipated that such fishing will be conducted throughout the year concerned.

2. Belgian vessels shall upon departure from the Icelandic fishing grounds provide information to the coast guard on the total estimated catch, according to species.

3. Landed catches shall be reported to the Fisheries Association of Iceland ("Fiskifélag Íslands") on a monthly basis within one month. Statistics shall indicate each individual landing according to species.

4. Belgísk skip skulu eftir fremsta megni auðvelda umsjón íslensku landhelgisgæslunnar með fiskveiðiútbúnaði og afla um borð.

Geti ríkisstjórn Belgíu fallist á tilhögun þessa legg ég til að orðsending þessi og svar yðar við henni myndi samning um málefni þetta og skal samningurinn ganga í gildi þann dag sem svarorðsending yðar er dagsett.

Eg leyfi mér að votta yður, hr. utanríkisráðherra, sérstaka virðingu mína.

Henrik Sv. Björnsson
Sendiherra

Hr. utanríkisráðherra
Henri Simonet,
Brussel.

b. Svar utanríkisráðherra Belgíu til sendiherra Íslands.

Brussel, 21.1.1980

Hr. sendiherra.

Ég leyfi mér að viðurkenna móttöku bréfs yðar dags. 14. janúar 1980 varðandi nýja tilhögun framkvæmdar eftirlits með fiskveiðum Belga á íslensku hafsvæði.

Bréfið hljóðar svo:

[*Sjá erindið hér á undan*]

Ég læt í ljós samþykki mitt við ákvæði bréfs þessa.

Ég leyfi mér að votta yður, hr. sendiherra, sérstaka virðingu mína.

H. Simonet,
Utanríkisráðherra.

Hr. sendiherra Íslands
Henrik Sv. Björnsson,
Brussel.

4. Belgian vessels shall facilitate to the maximum extent possible the supervisory function of the Icelandic coast guard with respect to the fishing gear and catch aboard.

If this arrangement is acceptable to the Government of Belgium I suggest that this Note and your reply thereto constitute an agreement on this subject, the agreement to enter into force on the date of your Note in reply.

I avail myself of this opportunity to renew to Your Excellency the assurances of my highest consideration.

Henrik Sv. Björnsson
Ambassador

His Excellency
Mr. Henri Simonet,
Minister for Foreign Affairs,
Brussels.

b. Reply from the Minister for Foreign Affairs of Belgium to the Ambassador of Iceland

Bruxelles, le 21 — 01 — 1980

Monsieur l'Ambassadeur,

J'ai l'honneur d'accuser réception de votre lettre du 14 janvier 1980, relative aux nouvelles modalités pratiques de contrôle des activités des pêcheurs belges dans les eaux islandaises.

Cette lettre est rédigée comme suit :

[*See Note above*]

Je vous marque mon accord sur les termes de cette lettre.

Je saisis cette occasion, Monsieur l'Ambassadeur, pour renouveler à Votre Excellence les assurances de ma très haute considération.

Le Ministre des Affaires Etrangères,
H. SIMONET.

Son Excellence
Monsieur Henrik Sv. Björnsson
Ambassadeur d'Islande
Bruxelles